

Nd.

513. Nefndarálit

[55. mál]

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1982.

Frá meiri hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd Nd. hefur haft frumvarp til lánsfjárlaga til athugunar síðan skömmu fyrir jól. Það var afgreitt frá fjárhags- og viðskiptanefnd Ed. 17. desember. Ætlun ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi var að afgreiða málið þá þegar frá neðri deild. Stjórnarandstaðan í báðum deildum gagnrýndi þessa málsmeðferð og sýndi fram á að víða væru lausir endar í lánsfjáráætluninni. Mörg mál lögju fyrir sem ekki hefði verið tekin afstaða til og enginn vissi hvernig með ætti að fara. Ríkisstjórnin og stuðningslið hennar á Alþingi lét sér segjast við þessa gagnrýni. Samið var milli stjórnar og stjórnarandstöðu um að málið skyldi afgreitt þegar eftir jólahlé, eða eigi síðar en 27. janúar s. l.

Stjórnarandstaðan hefur verið reiðubúin til þess að afgreiða málið á tilsettum tíma. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa hins vegar verið ráðvilltir í málinu. Fundir hafa ekki verið boðaðir langtímum saman í fjárhags- og viðskiptanefnd, og nú við afgreiðslu málsins flytur minni hlutinn, sem styður ríkisstjórnina, á þriðja tug breytingartillagna, þegar næstum þrír mánuðir eru liðnir frá því að ætlunin var að afgreiða málið eftir jólaleyfi.

Öll þessi vinnubrögð sýna glögg þann hringlandahátt sem einkennir störf og stefnu ríkisstjórnarinnar og stuðningsliðs hennar á Alþingi nú um þessar mundir.

Enn þá hefur ekki verið tekin afstaða til fjöldamargra mála sem borist hafa til ríkisstjórnarinnar og fjárhags- og viðskiptanefnda beggja deilda Alþingis og varða lánsfjárlög. Þar má nefna mál eins og erindi Landsvirkjunar, Rafmagnsveitu Reykjavíkur, vanda Járnblendiverksmiðju. Til uppbyggingar á aðstöðu skipasmíðaiðnaðarins er ekkert ætlað umfram hluta ríkissjóðs, sem er 17 millj. kr., en heildarfjárfesting er talin nema 40 millj. kr. Við höfum margsinnis bent stjórnarliðum í nefndinni á að hér þurfi að taka inn heimild til þessarar lántöku. Síðast en ekki síst nefnum við Byggingarsjóð ríkisins, en hann skuldar í Seðlabankanum vegna yfirdráttar 40 millj. kr., auk þess sem vantar 90 milljónir á að áætl- anir hans standist á yfirstandandi ári.

Athyglisvert er að eftir allan þennan tíma, sem stjórnarliðar hafa haft frumvarp að lánsfjárlögum til athugunar, fjalla langflestar tillögur þeirra um smávægilegar orðalagsbreytingar eða frekari skerðingar á framlögum til stofnlánasjóða atvinnuveganna. Nokkrar

breytingartillagnanna eru um aukin útlán og þar með aukna innlenda og erlenda lánsfjárbörf, en enn er afstaða ekki tekin til stórmála, eins og áður er að vikið.

Sú afgreiðsla lánsfjárlaga, sem hér virðist blasa við, er því dæmigerð um það ráðleysi sem nú ríkir í stjórnarherbúðunum. Öllu er slegið á frest sem hægt er að fresta. Lántökur eru úr öllu hófi. Engin samstaða er lengur til í stjórnarliðinu um annað en að sitja aðgerðalausir og fresta málum um óákveðinn tíma.

Stjórnarandstaðan í efri deild gerði ítarlega grein fyrir álitinu þegar frumvarpið var afgreitt frá deildinni. Hér skal aðeins minnt á nokkur aðalatriði sem einkenna öðru fremur afgreiðslu þessara lánsfjárlaga.

1. Innlend fjáröflun er að öllum líkindum stórlega ofmetin, svo ekki sé meira sagt. Ætlunin er t. d. að selja spariskirteini á yfirstandandi ári fyrir 150 millj. kr., en salan í fyrra varð aðeins 43 millj. kr.

Úr lífeyrissjóðunum er ætlað að afla 460 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs, húsnæðismálasjóða, Stofnlánadeildar landbúnaðarins og ríkissjóðs, en í fyrra var þessi fjáröflun um 270 millj. kr. Innlánsaukning í banka og sparissjóði fyrstu mánuði ársins er nú miklu minni en í fyrra.

Þá hafa engar upplýsingar komið fram um álagningu byggðalínugjalds sem afla átti 40 millj. kr. skv. skýrslu ríkisstjórnarinnar um lánsfjáráætlun.

2. Erlend fjáröflun er aukin gífurlega. Frá frv. má gera ráð fyrir að hún aukist um allt að 200 millj. kr. Erlend fjáröflun var þó ærin fyrir þegar haft er í huga að orkuframkvæmdir dragast saman milli 40 og 50% að magni til á yfirstandandi ári. Skuldastaða erlendra lána í árslok er áætluð af Seðlabankanum a. m. k. 39% af þjóðarframleiðslu og hefur aldrei verið hærri í sögu þjóðarinnar. Greiðslubyrði af útflutningstekjum er áætlað að verði 19% skv. væntanlegum lánsfjárlögum, en í stjórnarsáttmálanum, segir svo um þetta orðrétt:

„Erlendar lántökur verði takmarkaðar eins og kostur er og að því stefnt, að greiðslubyrði af erlendum skuldum fari ekki fram úr u. þ. b. 15% af útflutningstekjum þjóðarinnar á næstu árum.“

3. Algjör óvissa er um fjármögnun Framkvæmdasjóðs í ár í kjölfar þess, að hann skortir helming þess fjármagns úr lífeyrissjóðum sem lánsfjáráætlun gerði ráð fyrir í fyrra, eða 63 millj. kr. af 123 millj. Þetta hefur í för með sér fyrirsjáanlegan fjárskort atvinnuveganna og áframhaldandi samdrátt í fjármunamyndun á þessu ári.

4. Fjármögnun húsnæðismálasjóðanna er mikið áhyggjuefni á þessu ári. Þeim er ætlað að afla hjá lífeyrissjóðakerfinu tæplega 300 millj. kr., en fengu í fyrra rúmlega 130 millj. kr. þaðan. Skyldusparnaðurinn er auk þess ofáætlaður, ef marka má reynsluna frá því í fyrra, en hún er sú, að nær ekkert fékkst nettó af skyldusparnaðarfé. Verst er þó að lausaskuld Byggingarsjóðs ríkisins við Seðlabankann um áramót, sem nam 40 millj. kr., er í lausu lofti og að auki skortir sjóðinn 90 millj. kr. til þess að hann geti framfylgt niðurskorinni áætlun í ár. Þess má geta, að sú áætlun gerir einungis ráð fyrir að lána 1100 frumlán til nýrra íbúða á vegum einstaklinga, en 1978 voru slík lán tæplega 1900.

5. Þróun fjárfestingar skv. áætluninni og reynslu fyrri ára er uggvænleg. Framkvæmdir á sviði stóriðju og stórvirkjana dragast saman um 43,5% að magni til frá fyrra ári, framkvæmdir í hitaveitum um 31,5% og fjárfesting atvinnuveganna dregst saman um 9,1%, auk þess sem fyrirsjáanlegt er að samdráttur verður í íbúðabyggingum fimmta árið í röð, en sá samdráttur er að magni til um 15% síðan 1978. Aftur á móti eykst fjárfesting í opinberum byggingum um 6,8%.

6. Erlend lántaka til að fjármagna rekstrartap ríkisfyrirtækja og undirstöðuatvinnugreina setur vægast sagt dökkan svip á þetta frv. og væntanleg lánsfjárlög. Þar má nefna kreppulán sem Bygðasjóður á að veita sjávarútveginum í því góðari sem ríkt hefur, lán til að fjármagna rekstrartap orkufyrirtækja, Sementsverksmiðju ríkisins, svo dæmi séu tekin.

Um breytingartillögur stuðningsliðs ríkisstjórnarinnar.

Eins og fyrr segir er nú mestur fjöldi breytingartillagna minni hl. nefndarinnar, sem styður ríkisstjórnina, fólgin í frekari niðurskurði á framlögum til sjóða atvinnuveganna, en þessir sjóðir voru við síðustu fjárlagagerð skornir niður miðað við lög meira en nokkru sinni fyrr.

Þetta hlýtur að hafa í för með sér sérstakan vanda atvinnuvegasjóðanna, einkum í ljósi þess, að fjármögnun þeirra á s. l. ári var mjög í molum, eins og áður segir.

Um aðrar breytingartillögur vill meiri hluti nefndarinnar taka eftirfarandi fram:

1. Fimmta breytingartillagan er um að hækka heimild til lántöku fyrir Bygðasjóð úr 50 millj. í 60 millj. í því skyni að veita fyrirtækjum í sjávarútvegi svokölluð kreppulán. Forráðamenn ríkisstjórnarinnar hafa látið í veðri vaka að þessi fyrirgreiðsla yrði miklum mun meiri í ljósi þess taprekstrar sem orðinn er í sjávarútveginum, þrátt fyrir mikinn afla og yfirleitt gott verð á erlendum mörkuðum. Hætt er því við að þann vanda, sem stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hefur leitt yfir eina undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, verði erfitt að leysa með þessari fyrirgreiðslu.
2. Í sjöttu breytingartillögunni er gert ráð fyrir að auka heimild ríkisstjórnarinnar til að lækka ríkisútgjöld úr 50 millj. kr. sem fyrir eru í fjárlögum, í 120 millj. kr. Hér er um að ræða þann niðurskurð sem ríkisstjórnin hefur fyrirhugað vegna aukinna niðurgreiðslna á landbúnaðarvörum. Því miður virðist að þessi niðurskurður muni koma fyrst og fremst niður á framkvæmdafjárveitingum, sem skerast sjálfkrafa niður vegna aukinnar verðbólgu fram yfir reiknitölu fjárlaga, og á framlögum til atvinnuvegasjóða. Þrátt fyrir ítarlegar fyrirspurnir hafa engar upplýsingar fengist um hvernig þessum niðurskurði á að haga, og verður að gera þá skilyrðislausu kröfu, að ríkisstjórnin leggi tillögur um þetta fyrir fjárveitinganefnd og Alþingi þegar í stað.
3. Í 20. breytingartillögunni er gert ráð fyrir að inn komi ný grein í lánsfjárlög er heimili fjármálaráðherra að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld eða sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til ylræktarvers sem komið verði á fót vegna útflutningsframléiðslu. Engar upplýsingar eru um þetta ylræktarver, hvar það eigi að rísa, hvaða möguleikar séu á að reka það o. s. frv. Svo virðist sem Alþingi sé lítill sómi sýndur með slíkum tillöguflutningi.
4. 21. breytingartillagan felur í sér að fjármálaráðherra verði fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að ábyrgjast á árunum 1982—85 gegn þeim tryggingum, sem hann metur gildar, lán vegna smíði á skipum innanlands, sem nemi allt að 80% smíðaverðs, skv. mati Ríkis-ábyrgðasjóðs. Skip þessi mega vera allt að 35 metra löng, með vélarafli allt að 1000 hestöfl. Heimild þessi nái til smíði fjögurra skipa í senn.

Hér er um tilraun að ræða til að efla íslenskar skipasmíðar. Því miður hefur mál þetta verið lengi á döfinni. Samráð milli aðila virðist af skornum skammti, t. d. milli ráðuneyta og sjóða sem fjármagna eiga þessa smíði, auk þess sem stefna ríkisstjórnarinnar í innflutningi skipa síðustu ár hefur verið flestu sémilega viti bornu fólki óskiljanleg. Samhliða því að taka upp skipulögð vinnubrögð í innlendri skipasmíði þarf því að endurskoða stefnu á þessu sviði frá grunni.

Forsendur frumvarpsins og væntanlegra lánsfjárlaga.

Það frv., sem hér er til afgreiðslu til lánsfjárlaga, gerir ráð fyrir að það verði 33% verðbreyting milli áruna 1981 og 1982, en það þýðir 25—27% verðbólgu frá ársbyrjun til ársloka á þessu ári. Þetta er sama grundvallarforsenda og „reiknitala“ fjárlagafrumvarpsins. Frá því þessi „reiknitala“ var ákveðin á haustmánuðum hefur orðið veruleg launabreyting. Grunnkaup hækkaði um 3,25% umfram forsendur fjárlagafrumvarps fyrir síðustu áramót, og í kjölfar meiri fiskverðshækkunar en gert er ráð fyrir í þessum forsendum varð stórfeld

gengisbreyting í janúar. Gengi Bandaríkjadollars hefur hækkað um 33,2% síðan 9. október í fyrra, þegar frv. til lánsfjárlaga var lagt fram, og er þá meðtalin 12% gengisbreyting í janúar s. l.

Verðbólgan verður augljóslega meiri en 25—27% á þessu ári, en hún þyrfti að verða það ef forsendur lánsfjárlaga ættu að standast. Jafnvel ríkisstjórnin í sinni draumórakennu óskhyggju talar um að stefna að 30% verðbólguhraða á síðari hluta þessa árs.

Nú fyrir nokkrum dögum voru tvær vísitölur reiknaðar. Seðlabankinn hefur reiknað út lánskjaravísitölu fyrir aprilmánuð og hækkaði hún um 3,71% í þeim mánuði. Það jafngildir 54,9% á 12 mánuðum. Hagstofan hefur reiknað út vísitölu byggingarkostnaðar eftir verðlagi í fyrri hluta mars. Reyndist hún vera 1015 stig og hafði hækkað um 11,7% frá síðasta útreikningsdegi, þ. e. a. s. frá byrjun desember 1981.

Á einu ári hefur byggingarvísitalan hækkað úr 681 stigi í 1015 stig eða um líðlega 48,8%. Sé hins vegar 11,7% hækkun byggingarvísitölunnar framreiknuð næstu 12 mánuði þýðir það um 55,67%.

Sé lítið á hækkun framfærsluvísitölunnar óniðurgreiddrar reyndist hún 12,7% hin 1. febrúar s. l., og spár Hagstofunnar og Þjóðhagsstofnunar benda til þess, að svipuð hækkun verði 1. maí. Þetta jafngildir rétt um 58% hækkun á 12 mánuðum. Jafnvel þótt niðurgreidd framfærsluvísitala sé lögð til grundvallar í verðbólguútreikningum, sem augljóslega er misvísandi mælikvarði, svo ekki sé meira sagt, reiknast verðbólguhraðinn á þann mælikvarða 45% á 12 mánuðum.

Það er því deginum ljósara, miðað við þá þróun, sem við blasir í verðbólguhraða, og hið öra gengisfall krónunnar frá því frumvarp til lánsfjárlaga var lagt fram, að lánsfjárlög, ef afgreidd verða á þann hátt sem lagt er til í tillögum minni hluta fjárhags- og viðskipta-nefndar, verða byggð á forsendum sem brostnar eru fyrir löngu. Á það skal bent og það undirstrikað, **að lánsfjárlög, sem byggð eru á svo röngum forsendum um verðbólgu og gengisskráningu, en fastri krónutölu til ýmissa framkvæmda, þýða raunverulega stórfelldan sjálfvirkan niðurskurð á framkvæmdum og leiða til algjörs glundroða í fjármálakerfi landsins.** Hér er um miklu meira alvörumál að ræða en að því er varðar fjárlög, vegna þess að tekjur fjárlaga hækka með aukinni verðbólgu, en í lánsfjárlögum er miðað við ákveðna krónutölu til hinna ýmsu framkvæmda sem fyrirhugaðar eru skv. þeim.

Ástæða er ekki til að fjalla frekar um afgreiðslu frv. til lánsfjárlaga í þessu nefndarálit og vísast, eins og áður segir, til nefndarálits stjórnarandstöðunnar í fjárhags- og viðskipta-nefnd efri deildar.

Hér skal ítrekað, að það frv. til lánsfjárlaga, sem hér er til afgreiðslu, og sú áætlun, sem því fylgir, einkennast af óraunsæi í innlendri fjáröflun, mikilli erlendri skuldasöfnun og mörgum óleystum vandamálum sem eru einfaldlega skilin eftir vitandi vits af hálfu stjórnarinnar. Með afgreiðslu frumvarpsins er því hvorki verið að marka stefnu né taka ákvarðanir um hvernig staðið skuli að málum, heldur einungis verið að reyna að fullnægja misskildum sjálfsmetnaði. Frumvarpið og þau lánsfjárlög, sem fyrirhugað er að afgreiða með tillögum minni hluta nefndarinnar, bera með sér sama bráðabirgðabragðið og aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Meiri hluti nefndarinnar, fulltrúar stjórnarandstöðunnar, er andvígur þessum vinnubrögðum og þeim leikaraskap sem í þeim felst.

Alþingi, 23. mars 1982.

Matthías Bjarnason,
frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Albert Guðmundsson.

Sighvatur Björgvinsson.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Hagfræðideild

8. janúar 1982.

Lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða og endurlánareiknings ríkissjóðs.

M. kr.	1981			
	1979	1980	Reynd	Lánsfjár- áætlun
Framkvæmdasjóður	53	71	70	123
Byggingarsjóður ríkisins	41	80	120	153
Byggingarsjóður verkamanna	—	—	13 ¹⁾	14
Stofnlánadeild landbúnaðarins	7	10	11	6
Iðnlánasjóður	4	4	—	—
Veðdeild Iðnaðarbankans	2	8	31	—
Verslunarlánasjóður	8	13	23	—
Stofnlánadeild samvinnufélaga	9	11	16	—
Samtals fjárfestingarlánasjóðir	124	197	284	296
Ríkissjóður	—	12	57	34—60
Alls	124	209	325	330—356

1) P. a. 5 m.kr. lán frá Byggingarsjóði ríkisins og eru lán til hans lækkuð um sömu fjárhæð.

Fylgiskjal II.

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Greiðslujafnaðardeild

8. mars 1982.

Erlend lán 1981 (bráðabirgðatölur) (Í millj. króna á meðalgengi ársins).

Flokkun samkvæmt:	Lántakendum		Lánnotendum
	Innkomin lán, nettó	Afborganir	Innkomin lán, nettó
Opinberir aðilar	809.1	247.5	853.5
Ríkissjóður	343.1	164.4	344.0 ¹⁾
Ríkisfyrirtæki	425.3	57.2	447.6
P. a. Landsvirkjun	398.6	34.8	403.5
Sveitarfélög	40.7	25.9	61.9
P. a. Hitaveitur	36.2	13.8	39.8 ²⁾
Lánastofnanir	546.5	219.4	175.6
Seðlabanki	—	14.5	—
Viðskiptabankar	370.9	150.6	—
Framkvæmdasjóður	161.0	46.2	161.0
Fiskveiðasjóður	—	8.1	—
Aðrir lánasjóðir	14.6	0.0	14.6

Flokkun samkvæmt:	Lántakendum		Lánnötendum
	Innkomin lán, nettó	Afborganir	Innkomin lán, nettó
Einkaaðilar	330.6	174.8	657.1
Fiskiskipakaup	10.0	35.7	198.2
Endurbætur fiskiskipa	25.9	8.0	49.5
Vélar og tæki í fiskiskip	1.0	0.4	6.6
Vélar og tæki í fiskiðnaði	1.8	0.8	17.3
Rekstrarlán í sjávarútvegi	0.9	0.3	26.3
Íðnaður	46.2	24.6	57.4
P. a. járnblendifélagið	44.5	21.0	44.5
Flugvéla kaup	1.7	34.4	11.2
Önnur skipakaup	137.9	48.7	137.9
Rekstrarlán í samgöngum	84.6	15.4	105.2
Önnur lán í samgöngum	9.0	3.8	12.0
Önnur einkalán	11.6	2.7	35.5
Erlend lán, alls	1 686.2	641.7	1 686.2

- 1) Ekki hægt að skipta endurlánum ríkissjóðs; 343.1 millj. kr.
2) Auk þess voru tekin skammtímalán; 149.8 millj. kr.

Fylgiskjal III.

Iðnaðarráðuneyti

8. febrúar 1982.

Fjárhagsáætlun vegna orkunýtingarrannsókna.

A. Tekjuöflun

Á fjárlögum — orkufrekur iðnaður	3 m.kr.
Lánsfjármagn — Iðnrekstrarsjóður	10 m.kr.
	13 m.kr.

B. Ráðstöfun

Í meginráttum er gert ráð fyrir eftirfarandi skiptingu á verkefni:

01 Kísilmálmverksmiðja	2.0 m.kr.
02 Magnesíumverksmiðja	1.0 m.kr.
03 Natríumklóratverksmiðja	1.0 m.kr.
04 Trjákvöðuverksmiðja	2.0 m.kr.
05 Álverksmiðja	3.0 m.kr.
06 Staðarvalsrannsóknir	2.5 m.kr.
07 Aðrar rannsóknir	1.5 m.kr.
	13.0 m.kr.

Fylgiskjal IV.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun
15.03.1982

Lánsfjárlög 1981 og afgreiðsla
lánsfjár 1981 skv. bráðabirgðatölum.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
I. Ríkissjóður					
1.1 A-hluti:					
Þjóðarbókhlada	4 000	—	4 000	4 000	0
Vegagerð	100 000	—	100 000	100 000	0
„ bundið slitlag	10 000	—	10 000	10 000	0
„ sérstök verkefni	12 000	—	12 000	12 000	0
„ jaðarbyggðir	8 100	—	8 100	8 100	0
Landshafnir	2 000	—	2 000	2 000	0
Hluta- og eiginfjárframl. RARIK, félagsl. framkv.	3 820 15 000	— —	3 820 15 000	3 720 15 000	100 0
Járnblendifélagið	14 000	16 153 ¹⁾	30 153	30 153	0
Hafnarg. v/skipasmíðast. Flugmálastjórn	11 770 4 000	— —	11 770 4 000	11 770 4 000	0 0
Krafla, vaxtaútgjöld	36 450	25 032 ²⁾	61 482	61 482	0
Landspítalinn	7 000	—	7 000	7 000	0
Tryggingastofnun ríkisins	30 000	—	30 000	0	30 000
Samtals	2 158 140	41 185	299 325	269 225	30 100

1) Heimild til lántöku skv. 3. gr. laga nr. 18/1977 um Ísl. járnblendifélagið.

2) Heimild í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 nær til lántöku til greiðslu vaxta og greiðslu erlendra afborgana.

1.2 B-hluti:					
Byggðasjóður	31 500	3 500 ¹⁾	35 000	35 000	0
Landakaup kaupst. og kaupst. Lánasj. ísl. námsmanna	3 000 33 000	— —	3 000 33 000	0 33 000	+3 000 0
Ríkisútvarp	4 000	—	4 000	3 500	+500 ³⁾
Lagmetisiðjan Siglósíld	1 000	2 400 ⁴⁾	3 400	3 400	0
Skipaútgærd ríkisins	24 000	—	24 000	13 800	+10 200 ⁵⁾
RARIK, alm. framkv.	83 080	—	83 080	83 080	0
Byggðalínur	52 100	15 490 ⁶⁾	67 590	67 590	0
Krófluvirkjun, framkvæmdir Jarðvarmaveitur ríkisins	33 640 8 000	3 000 ⁷⁾ —	36 640 8 000	36 640 8 000	0 0
Virkjunarrannsóknir	8 000	—	8 000	4 000	+4 000
Grænfóðurverksmiðjur	2 700	—	2 700	1 000	+1 700
Orkusjóður					
Byggðalínur, fjármagns- útgj.	38 400	17 335 ⁸⁾	55 735	55 735	0
Hítaveitulán	7 500	—	7 500	7 500	0
Jarðhitaleit	11 000	—	11 000	11 000	0
Byggingasj. Listasafns Ísl.	—	4 000 ⁹⁾	4 000	4 000	0
Landssmiðjan	3 000	—	3 000	3 000	0
Áburðarverksmiðjan	35 000	—	35 000	8 400	+26 600 ¹⁰⁾

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
Póstur og sími:					
Vörukaupalán	4 600		4 600	4 600	0
Lagning sjálfvirks síma ..	8 000		8 000	8 000	0
Jarðstöðin Skyggnir	—	11 730	11 730	11 730	0
Næstu stórvirkjanir	—	37 400 ¹⁾	37 400	37 400	0
Samtals	391 520	94 855	486 375	440 375	37 145

- 1) Notkun heimildar frá 1980.
- 2) Verður ekki nýtt á árinu 1982 vegna nýrra heimilda í lántökumfrumvarpi 1982.
- 3) Óafgreitt um áramót en afgreitt í mars.
- 4) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 5) Verður nýtt árið 1982 og auk þess 200 þús. frá árinu 1980.
- 6) Heimild fyrir 4 423 þús. kr. er í lánsfjárlögum 1982, 26. gr., en 11 067 þús. kr. eru teknar skv. ákv. fjárl. 1982.
- 7) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 8) Í 29. gr. lánsfjárlaga 1981 var heimild til lántöku til greiðslu afborgana af erlendum lánun.
- 9) Heimild skv. lögum nr. 103/1974 og lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 10) Lán að upphæð 35 m. kr. tryggt, en aðeins 8,4 m. kr. ráðstafað á árinu 1981. Eftirst. á árinu 1982.
- 11) Geymd heimild vegna jarðstöðvar
- 12) Heimild skv. l. nr. 60/1981 um raforkuver.

	Lánsfjárlög 1981	Viðbótar- heimildir v/1981	Heimildir Alls	Afgreitt 1981	Mismunur
2. Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs:					
Landsvirkjun	462 190		462 190	420 200	+41 990 ¹⁾
Orkubú Vestfjarða	17 000	5 600 ²⁾	32 600	32 800	-200
Sjóefnavinnslan	—	4 000 ³⁾	4 000	4 000	0
Kísiliðjan	2 000	3 000	5 000	4 905	+95
Samtals	481 190	12 600	503 790	461 905	42 285
3. Sveitarfélög:					
Hitaveitur	198 900	6 900	205 800	205 800 ⁶⁾	0
Önnur lánsfjáröflun	15 000	1 050	16 050	16 050 ⁵⁾	0
Samtals	213 900	7 950	221 850	221 850	0
4. Ráðst. (1+2+3)=fjáröflun .	1 355 000				
5. Innlend lán	338 100		320 000		
Spariskirteini	90 000		51 000		
Innh. endurl. (nettó)	90 000		110 000		
Verðb.k. bankak. (,)	68 000		76 000		
„ lífeyrissj. (nettó)	40 000		57 000		
Önnur innl. fjáröflun	50 100		26 000		
Erlend lán	1 016 900				
	1 355 000				

- 1) Greiðsla áætluð 1981 nýtt 1982.
- 2) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 3) Heimild skv. lögum nr. 62/1981 um sjóefnavinnslu.
- 4) Heimild skv. lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 5) Lán veitt Bæjarsjóði Vestm. 5 200, Bæjarsj. Ísafj. 850, Bæjarsj. Siglufj. 3 000 og Rafveitu Siglufj. 7 000. Viðbótarheimild í lið 3.12 í 6. gr. fjárlaga 1982.
- 6) Aðeins eru taldar viðbótarlántökur sem fara um endurlánareikn. ríkissj. Heimild skv. þessum lið, sbr. lið 3.12 í fjárlögum 1982, er ráðstafað til Hitaveitu Seyðisfj. 1 600, Hitaveitu Höfn í Hornafirði 1 500, Hitaveitu Suðureyrar 500, Hitaveitu Hóla 634 og Rafveitu Siglufjarðar 1 500.